

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/152  
komudagur 18.11.2003



Samgöngunefnd Alþingis  
Stefán Árni Auðólfsson, nefndarritari  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 18. nóvember 2003  
Tilvísun: 2003110018/20.1  
JR/BH  
Tilv. ykkar: 5.11.2003

**Efni: Samgönguáætlun, 39. mál. Umsögn um frumvarp til laga.**


Í bréfi dags. 5. nóvember 2003 óskar Samgöngunefnd Alþingis eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um samgönguáætlun, nr. 71/2002.

1. gr. frumvarpsins fjallar annars vegar um breytingu á skipan samgönguráðs og hins vegar um framlagningu tillagna. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að tilgangur með breytingunum er að skilið verði á milli Vegagerðarinnar, Siglingastofnunar og Flugmálastjórnar annars vegar og samgönguráðherra hins vegar.

Við gerð samgönguáætlunar er mikilvægt að strax á undirbúningsstigi komi sem flest sjónarmið fram. Fagleg vinnubrögð við gerð tillagna byggjast á að sjónarmið séu rædd frá ýmsum hliðum, möguleikar séu skoðaðir og áhrif metin. Í slíkri skoðun eiga jafnt tæknileg sem pólitísk sjónarmið fullan rétt á sér svo vandséð er að hugmyndir þær sem fram koma í 1. gr. frumvarpsins séu til bóta.

Í annari gr. frumvarpsins er lagt til að tillögum samgönguráðs að framkvæmdum skuli fylgja samræmt arðsemismat. Tekið skal fram að hjá Vegagerðinni eru gerðir arðsemisreikningar fyrir allar stærri framkvæmdir í vegamálum. Eflaust gæti verið æskilegt að samræma arðsemisreikninga þeirra stofnana sem að gerð samgönguáætlunar koma.

Virðingarfyllst,

  
Jón Rögnvaldsson,  
vegamálastjóri.